

Sorpurðun Vesturlands hf.
Bjarnarbraut 8
310 Borgarnes

Selfoss, 30. maí 2025
UOS 2505295/H.M.V

Breyting á vöktunaráætlun – Sorpurðun Vesturlands, Fíflholt, ID 23

Umhverfis- og orkustofnun vísar í gr. 2.11 í starfsleyfi Sorpurðunar Vesturlands í Fíflholtum þar sem fram kemur að eftirlitsaðila sé heimilt að gera breytingar á tíðni mengunarmælinga eða efnagreininga frá því sem starfsleyfið gerir ráð fyrir.

Stofnunin vísar einnig til gr. 1.1 í starfsleyfi þar sem tekið er fram að rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir. Samkvæmt 21. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs skal vöktun rekstraraðila vera í samræmi við III. viðauka reglugerðarinnar. Umhverfis- og orkustofnun telur nauðsynlegt að mælingaráætlun Fíflholta sé í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til tíðni eftirlitsmælinga í reglugerðinni en núgildandi fyrirkomulag, sbr. gr. 5.2 í starfsleyfi er ekki í samræmi við það sem fram kemur í viðauka III.

Verður núverandi mælingaráætlun skv. gr. 5.2. , sem fjallar um eftirlitsmælingar, vegna samsetningu sigvatns því breytt til samræmingar við rgl. nr. 738/2003. Núverandi fyrirkomulag á mælingum á samsetningu sigvatns má sjá í töflu nr. 1 en uppfært fyrirkomulag í töflu nr. 2.

Tafla 1. Fyrirkomulag í starfsleyfi

Vöktun sigvatns	Mæli- /sýnatökustaður	Mælipættir	Tíðni
Samsetning sigvatns	a) Ofan hreinsivirkis b) Neðan hreinsivirkis	Hitastig, leiðni, pH, súrefnisþörf (COD), ammóníum (NH ₄ +), jarðolía (olíuvisir C10-C40)	Tvisvar á ári; fyrir 1. maí og 1. okt.
Samsetning sigvatns	a) Ofan hreinsivirkis b) Neðan hreinsivirkis	Uppleyst lífrænt kolefni (DOC), nítrat (NO ₃ -), köfnunarefni (Nheild), fosfór (Pheild), lífræn halógensambönd (AOX), klóríð (Cl ⁻), flúoríð (F ⁻), sulfat (SO ₄ -2), BTEX, fenóltala, blý (Pb), kvikasilfur (Hg), kadmíum (Cd), járn (Fe), króm (Cr), kopar (Cu), sink (Zn), arsen (As), nikkel (Ni), baríum (Ba), mólýbden (Mo), antimón (Sb), selen (Se), tin (Sn)	Sjötta hvert ár, fyrst 2023.

Tafla 2. Uppfært fyrirkomulag

Vöktun sigvatns	Mæli- /sýnatökustaður	Mælipættir	Tíðni
Samsetning sigvatns	a) Ofan hreinsivirkis b) Neðan hreinsivirkis	Hitastig, leiðni, pH, súrefnisþörf (COD), Uppleyst lífrænt kolefni (DOC), níturat (NO ₃ -), köfnunarefni (Nheild), ammoníum (NH ₄ +), fosfór (Pheild), olía/fita, lífræn halógensambönd (AOX), klóríð (Cl-), flúoríð (F-), súlfat (SO ₄ -2), BTEX, fenóltala, blý (Pb), kvikasilfur (Hg), kadmíum (Cd), járn (Fe), króm (Cr), kopar (Cu), sink (Zn), arsen (As), nikkell (Ni), baríum (Ba), mólýbden (Mo), antimón (Sb), selen (Se), tin (Sn)	Tvisvar á ári, fyrir 1. maí og 1. okt.

Breytingin tekur gildi við dagsetningu útgáfu þessa bréfs.

Virðingarfyllst,

Halla Margrét Viðarsdóttir

sérfræðingur

Frigg Thorlacius

lögfræðingur